

Thorhallur Hinriksson <th@arnarlón.is>

Til : Sveitarstjóri Dalir
Frá : Thorhallur Hinriksson <th@arnarlón.is>
CC : Finnbogi Kristjánsson <finnbogi@fron.is>
Heiti : Laugar - tillaga að breytingu
Málsnúmer. : 1609021
Málsaðili : Dalabyggð
Skráð dags : 13.5.2018 15:20:22
Höfundur : Thorhallur Hinriksson <th@arnarlón.is>

Viðhengi

[image002.jpg](#)
[image004.png](#)
[image005.jpg](#)

Sælir,

Okkur langar að bera fram tillögu að lausn til þess að klára viðskiptin milli Arnarlóns ehf. og Dalabyggðar um Laugar í Sælingsdal og Sælingsdalstungu. Tillagan er í eðli sínu ekki nýtt tilboð heldur tillaga að lausn sem vonandi hentar báðum aðilum en ef gagnkvæmur vilji er fyrir hendi þá erum við tilbúin að leiða viðskiptin til lykta á þennan hátt.

Tillagan felur í sér að;

1. Sælingsdalstunga (áætlað um 2.830 ha.) í heild sinni verði undanskilin í viðskiptunum en samkvæmt samþykktu kauptilboði er jörðin metin á kr. 55m. og myndi kaupverð lækka sem því nemur
2. Dalabyggð hefji vinnu við útskiptingu lands og frístundaeygna á jörðinni. Nánar tiltekið; skipulögðu svæði undir frístundabyggð og 18 holu golfvöll beggja vegna aðkomuvegar að Laugum, lands umhverfis Tungustapa, veiðiréttindum í Laxá í Hvammssveit og fasteignum í eigu Dalabyggðar sem nú eru á jörðinni ("frístundaeygnirnar"). Tillaga að stærð hins útskipta lands/frístundaeygnanna er á mynd hér að neðan og er þar áætlað um 365 ha.
3. eftir útskiptingu og til 31.12.2022 hafi Arnarlón rétt til að kaupa frístundaeygnirnar á kr. 55m. og eigi auk þess ótímabundinn forkaupsrétt að frístundaeygnunum
4. Dalabyggð haldi eftir landsvæði sem undanskilið verður og er áætlað um 2.465 ha. að stærð

Nánar tiltekið þá verður kaupréttur frístundaeygnanna á sama verði og öll jörðin (og allar eignir) að Sælingsdalstungu er nú metin á í hinu samþykta tilboði. Önnur samþykkt ákvæði tilboðsins haldast óbreytt.

Þessi tillaga felur einnig í sér að lán frá Byggðastofnun yrði á 1. veðrétti og veðskuldabréf frá Dalabyggð á 2. veðrétti.

Viðskiptin myndu þá líta svona út:

Eignir	
Húseignir að Laugum með lóðarréttindum	340.000.000
Jörðin Laugar (50%) ásamt sumarmúsulóðum	20.000.000
Skólalóðin ásamt jarðhitaréttindum og hitaveitu	45.000.000
Keyptar eignir Samtals	405.000.000
Greiðslur	
Kaupsamningsgreiðsla - m.a. lán Byggðast. á 1. vr	205.000.000
Greiðsla - 31.12.2019 - 2.vr	50.000.000
Greiðsla - 31.12.2022 - 2.vr	150.000.000
Greiðslur Alls	405.000.000
Kaupréttur (og forkaupsréttur)	
Sælingsdalstunga - frístundaeygnir eftir skiptingu	55.000.000
Kaupréttur Alls	55.000.000

Það er von okkar að þessari tillögu verði vel tekið og að hún verði til þess að skapa sátt um viðskiptin. Við erum tilbúin að skoða og ræða allar mögulegar útfærslur og breytingar á þessari tillögu en óskum eftir viðbrögðum tímanlega fyrir næsta fund sveitastjórnar Dalabyggðar þannig að hún geti hlotið afgreiðslu þar. Við hlökkum mikið til að hefja með ykkur samstarf um uppbyggingu að Laugum og vonum að það geti hafist sem allra fyrst.

Virðingarfyllst,

Þórhallur



Þórhallur Örn Hinriksson
 Framkvæmdastjóri
th@arnarlón.is
 S: 686-4085

